

IS

IS

IS



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Brussel, ...
C

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

**sem setur fram kröfur og stjórnsýsluferla tengda flugrekstri samkvæmt reglugerð (EB)
nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu**

Tillaga að

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../...

frá [...]

sem setur fram kröfur og stjórnýsluferla tengda flugrekstri samkvæmt reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningsflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB,¹ einkum gr. 8(5) og 10(5),

Þar sem:

- (1) Markmið reglugerðar (EB) nr. 216/2008 er að koma á og viðhalda háu og samræmdu öryggisstigi almenningsflugs í Evrópu. Reglugerðin býður upp á leiðir til að ná því markmiði og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.
- (2) Flugrekendur og starfslíð er tengist starfrækslu ákveðinna loftfara verða að uppfylla viðeigandi grundvallarkröfur, sem lýst er í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð verða flugrekendur sem stunda flutningaflug, nema kveðið sé á um annað í útfærslureglunum, að sýna fram á getu sína og aðferðir til að uppfylla skyldur er fylgja réttindum þeirra. Þessi geta og aðferðir skulu viðurkenndar með útgáfu leyfis. Réttindi, sem veitt eru flugrekanda og umfang rekstursins skulu tilgreind í leyfinu.
- (3) Aðildarríki skulu, auk eftirlits með leyfum sem þau gefa út, standa að skoðunum, þar á meðal skoðunum á hlaði, og skulu grípa til allra ráðstafana, meðal annarra flugbanns, til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot.
- (4) Reglugerð (EB) nr. 216/2008 krefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að taka upp nauðsynlegar útfærslureglur til að skapa skilyrði fyrir öruggan rekstur loftfara. Þessi reglugerð greinir frá þessum útfærsluaðgerðum.
- (5) Til að tryggja hnökralaus umskipti og hátt, samræmt öryggisstig í almenningsflugi innan Evrópusambandsins, ættu útfærslureglur að endurspegla nýjustu tækni, þar á meðal viðurkennt verklag, og vísindalegar og tæknilegar framfarir á sviði flugreksturs. Því ætti að íhuga tæknilegar kröfur og stjórnýsluferli sem samþykkt eru á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (e. International Civil Aviation Organisation, hér eftir nefnd ICAO) og Flugöryggissamtaka Evrópu fram til 30. júní 2009, sem og nógildandi lög er tengjast umhverfi í einstökum löndum.

¹ Stjórnartíðindi EB L 79, 13.03.2008, bls. 1.

- (6) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og stjórnáslu aðildarríkja nægilegan tíma til þess að aðlaga sig að þessum nýja ramma og til að viðurkenna, við ákveðin skilyrði, gildi leyfa sem gefin voru út fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- (7) Aðgerðirnar sem tilgreindar eru í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91² eru fjarlægðar í samræmi við grein 69(3) í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Líta skal á aðgerðirnar sem teknar eru upp af þessari reglugerð sem samsvarandi aðgerðir.
- (8) Flugöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd "stofnunin") útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (9) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

Grein 1

Viðfangsefni

1. Þessi reglugerð tilgreinir nákvæmar reglur, sem aðildarríki og stofnunin verða að uppfylla til að útfæra og framfylgja reglugerð (EB) nr. 216/2008 hvað varðar flugrekstur, þar á meðal um skoðanir loftfara á hlaði sem tilheyra flugrekendum undir öryggiseftirliti annars ríkis þegar þau lenda á flugvöllum sem eru á landsvæðum er heyra undir ákvæði sammingsins. Þessi reglugerð skal ekki eiga við um flugrekstur sem fellur undir grein 1(2)(a) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
2. Þessi reglugerð tilgreinir einnig nákvæmar reglur um skilyrði fyrir útgáfu, viðhaldi, breytingum, takmörkunum, sviptingu og afturköllun leyfa flugrekenda loftfara, sem vísað er til í grein 4(1)(b) og (c) í reglugerð (EB) nr. 216/2008 sem stunda flutningaflug, réttindi og skyldur handhafa leyfa sem og skilyrði sem gera að verkum að rekstur skal bannaður, takmarkaður eða háður sérstökum skilyrðum í þágu öryggis.

Grein 2

Skilgreiningar

Innan umfangs þessarar reglugerðar:

1. Þýðir 'AOC' flugrekstrarleyfi (e. air operator certificate – AOC).
2. 'Flutningaflug' vísar til flutnings á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi í peningum eða öðrum verðmætum.
3. 'Sértækur rekstur' þýðir rekstur í viðskiptalegum eða öðrum tilgangi þar sem loftfar er notað til að sinna sérstökum verkefnum eða þjónustu, eins og tilgreint er í viðauka VIII við þessa reglugerð.

² Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/1991 frá 16. desember 1991 um samræmingu tæknilegra krafna og stjórnásluferlis er varðar almenningsflug. Stjórnartíðindi EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

Grein 3

Öryggisáætlunargerð

1. Aðildarríkin og stofnunin skulu stofnsetja flugöryggisáætlanir sem miða að því að viðhalda háu öryggisstigi.
2. Aðildarríki og stofnunin skulu, í tengslum við gerð áætlana sinna, skiptast á öllum tiltækum upplýsingum og vinna saman að því að ákvarða aðgerðir sem krafist er svo að viðhalda megi háu öryggisstigi í almenningssflugi.

Grein 4

Eftirlitsgeta

1. Aðildarríki skulu útnefna eina eða fleiri einingar sem lögbært stjórnvald innan viðkomandi aðildarríkis með nauðsynleg völd hvað varðar vottun og umsjón einstaklinga og stofnana sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar.
2. Útnefni aðildarríki fleiri en eina einingu sem lögbært stjórnvald:
 - (a) skal hæfnisvið hvers lögbærs stjórnvalds vera glögglega skilgreint hvað varðar ábyrgð og landfræðilegar takmarkanir; og
 - (b) skal samræmingu milli þessara eininga komið á til að tryggja skilvirkt eftirlit með öllum stofnunum og einstaklingum sem heyra undir reglugerð (EB) nr. 216/2008 og útfærslureglur hennar innan viðkomandi valdsviðs þeirra.
3. Aðildarríki skulu tryggja að lögbært stjórnvald/lögbær stjórnvöld hafi nauðsynlega getu til að tryggja umsjón með öllum einstaklingum og stofnunum sem umsjónaráætlun þeirra nær til, þar á meðal nægileg aðföng til að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.
4. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærs stjórnvalds framkvæmi ekki umsjónaraðgerðir þegar fyrirbyggjandi gögn benda til þess að það gæti leitt á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunaáreksturs, einkum í tengslum við fjölskyldu eða fjárhagslega hagsmuni.
5. Starfsfólk sem samþykkt er af lögbæra stjórnvaldinu til að framkvæma vottunar- og/eða umsjónarverkefni skal útnefnt til eftirfarandi verkefna hið minnsta:
 - (a) að rannsaka skýrslur, gögn, ferli og annað efni sem á við um framkvæmd vottunar- og/eða umsjónarverkefna;
 - (b) að gera eftirrit af eða taka úrdrátt úr slíkum skýrslum, gögnum, ferlum og öðru efni;
 - (c) að biðja um munnlega útskýringu á vettvangi;
 - (d) að fara inn á viðeigandi athafnasvæði, vettvang eða inn í flutningatæki;
 - (e) að framkvæma endurskoðanir, rannsóknir, mat, athuganir, þar á meðal skoðanir á hlaði og fyrirvaralausar skoðanir; og
 - (f) að grípa til framfylgdarráðstafana eins og við á.
6. Verkefnin samkvæmt málsgrein 5 skal framkvæma í samræmi við lagaleg ákvæði viðkomandi aðildarríkis.

Grein 5

Skoðanir á hlaði

1. Framkvæma skal skoðanir á hlaði á flugrekendum undir öryggiseftirliti annars aðildarríkis eða þriðja ríkis eins og tilgreint er í viðauka II við þessa reglugerð.
2. Með undanþágu frá viðauka II, mega aðildarríki ákveða að ná á árinu 2012 að minnsta kosti 65% af lágmarksárlegum punktakvóta, sem reiknaður er í samræmi við AR.RAMP.100.

Grein 6

Flugrekstur

1. Flugrekendur flugvéla og þyrta skulu einungis reka loftför í CAT-rekstri eins og tilgreint er í viðaukum III og IV við þessa reglugerð.
2. Þrátt fyrir málsgrein 1, skal eftirfarandi CAT-rekstur ekki þurfa að sýna fylgni við viðauka III og IV:
 - (a) flutningaflug sem stundað er samkvæmt sjónflugsreglum (e. visual flight rules - VFR) að degi til, hefst og endar á sama flugvelli eða starfsstöð og er að hámarki 30 mínútur að lengd, eða innan nánasta umhverfis sem skilgreint er af lögbæru stjórnvaldi, með:
 - (i) einshreyfils flugvélum með skrúfuhreyfli sem hafa vottaða flugtaksþyngd sem er 2.000 kg eða minna og bera að hámarki sex einstaklinga, þeirra á meðal flugmann; eða
 - (ii) einshreyfils þyrlum sem bera að hámarki sex einstaklinga að flugmanni meðtöldum,

að því gefnu að heildarhámarkstími flugstunda í slíkum rekstri sé takmarkaður við 30 stundir á hverju almanaksári á hvert loftfar.
3. Án skerðingar á málsgreinum 1 og 2 skulu flugrekendur einnig uppfylla viðeigandi ákvæði í viðauka V við þessa reglugerð þegar þeir starfrækja:
 - (a) flugvélar og þyrlur sem notaðar eru fyrir:
 - (i) starfrækslu sem styðst við frammistöðutengda leiðsögn (e. performance based navigation – PBN);
 - (ii) starfrækslu í samræmi við lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (e. minimum navigation performance specifications – MNPS);
 - (iii) starfrækslu í loftrými með minnkuðum lágmarkshæðaraðskilnaði (e. reduced vertical separation minima - RVSM);
 - (iv) starfrækslu í lélegu skyggni (e. low visibility operations – LVO);
 - (b) flugvélar, þyrlur, loftbelgi og svifflugur sem notuð eru til flutninga á hættulegum varningi (e. dangerous goods - DG);
 - (c) tveggja hreyfla flugvélar sem notaðar eru til lengra flugs (e. extended range operations – ETOPS) í flutningaflugi;

- (d) þylur sem notaðar eru í flutningaflug, starfrækslu með aðstoð nætursjónbúnaðar (e. night vision imaging systems – NVIS);
- (e) þylur sem notaðar eru í flutningaflugi, hífingar (e. helicopter hoist operations - HHO); og
- (f) þylur sem notaðar eru í flutningaflugi, sjúkraflug (e. helicopter emergency medical service operations – HEMS).

4. Með undanþágu frá grein 1:

- (a) loftför sem vísað er til í grein 4(5) í reglugerð (EB) nr. 216/2008, og notuð eru í CAT-rekstur, má einungis starfrækja við skilyrðin sem tilgreind eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2009) 7633 frá 14.10.2009. Sérhver frávik á starfrækslu sem hafa áhrif á skilyrðin sem sett eru í þeirri ákvörðun skulu tilkynnt til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og stofnunarinnar áður en ráðist er í breytingarnar. Eins skal tilkynna sérhverja notkun annars aðildarríkis á ákvörðun framkvæmda-stjórnarinnar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og stofnunarinnar áður en frávikin eru innleidd. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnunin skulu meta að hve miklu leyti frávikin eða ætluð notkun víkja frá skilyrðum í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eða hafa áhrif á upphaflega öryggismatið sem gert var í tengslum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Ef matið sýnir að breytingin eða ætluð notkun samsvara ekki upphaflega öryggismatinu sem gert var fyrir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, skal aðildarríki leggja fram nýja fráviksbeiðni í samræmi við grein 14(6) í reglugerð (EB) nr. 216/2008;
- (b) loftskip, loftför með veltípyril, tjóðraðir loftbelgir og mannláus flugkerfi skulu starfrækt samkvæmt skilyrðum í landslögum aðildarríkja; og
- (c) flug, er tengist innleiðingu eða breytingum á loftfarstegundum á vegum hönnunar- eða framleiðslustofnana innan umfangs réttinda þeirra, skal áfram vera starfrækt samkvæmt skilyrðum í landslögum aðildarríkja.

5. Aðildarríki geta ákveðið að sérstakt leyfi þurfi fyrir CAT-rekstur á þyrlum á hafi úti í samræmi við landslög aðildarríkja, uns tengdar útfærslureglur eru teknar upp. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnuninni um viðbótarkröfur sem gera á vegna verklagsferla, búnaðs, hæfi áhafna og þjálfunar áður en slíkt sérstakt leyfi er veitt. Þessar kröfur skulu ekki vera meira íþyngjandi en kröfurnar í viðaukum III og IV.

6. Flug, sem á sér stað strax á undan, á meðan eða strax eftir sérstaka starfrækslu eða verkefni og eru beint tengd slíkri sérstakri starfrækslu eða verkefnum, skal starfrækt í samræmi við viðauka VIII. Nema hvað varðar fallhlífaflug, skal aldrei bera meira en 6 einstaklinga, sem eru ómissandi við verkefnið eða þjónustuna, að áhöfninni frátalinni, um borð.

Grein 7

Flugrekstrarleyfi

1. Flugrekstrarleyfi sem aðildarríki gefur út til flugrekenda á flugvélum í CAT-rekstri fyrir 8. apríl 2012, skulu talin vera útgefin í samræmi við þessa reglugerð ef þau voru útgefin í samræmi við reglugerð (EB) nr. 3922/1991 um samræmingu tæknilegra krafna og stjórnsýsluferla á sviði almenningsflugs.

Í slíkum tilvikum:

- (a) skulu sérréttindi þessara flugrekenda takmarkast við þau sem er að finna í flugrekstrarleyfinu sem gefið er út af aðildarríkinu; og
 - (b) skulu flugrekendur hafa aðlagð stjórnunarkerfi sín, þjálfunaráætlanir, verklagsferla og handbækur í síðasta lagi fyrir 8. apríl 2014, til að tryggja fylgni við viðauka III, IV og V, eins og við á.
2. Flugrekstrarleyfið, sem vísað er til í málsgrein 1, skal skipt út fyrir leyfi sem gefin eru út í samræmi við viðauka II ekki síðar en 8. apríl 2014.
 3. CAT-flugrekstrarleyfi fyrir flugrekstur á þyrlum, sem gefið er út af aðildarríki fyrir gildistíma þessarar reglugerðar, skal umbreytt af hálfu aðildarríkis sem gefur út flugrekstrarleyfið í flugrekstrarleyfi sem fylgir þessari reglugerð .
 4. Flugrekstrarleyfi á CAT-þyrlur skal umbreytt í flugrekstrarleyfi, sem sýnir fylgni við þessa reglugerð í samræmi við tilgreinda þætti í umbreytingarskýrslu.
 5. Umbreytingarskýrslan skal:
 - (a) vera tilbúin ekki síðar en 8. apríl 2013, af hálfu aðildarríkisins sem gaf út flugrekstrarleyfið og í samráði við stofnunina;
 - (b) vera þróuð í samráði við flugrekendur;
 - (c) innihalda greiningu á mismun milli krafna í landslögum, sem voru grundvöllur flugrekstrarleyfisins, og krafnanna í viðaukum III, IV og V;
 - (d) lýsa umfangi gildissviðs þeirra sérréttinda sem flugrekandanum voru veitt;
 - (e) gefa til kynna fyrir hvaða kröfur í viðaukum III, IV og V á að veita viðurkenningar;
 - (f) tilgreina allar takmarkanir sem þurfa að vera innifaldar í nýja flugrekstrarleyfinu og allar kröfur sem flugrekandi þarf að uppfylla til að takmörkununum verði aflétt.
 6. Umbreytingarskýrslan skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á tilgreind atriði í (a) til (f) í málsgrein 5, þar á meðal afrit af viðeigandi kröfum og ferlum á landsvísu.
 7. Umsækjendur um flugrekstrarleyfi eða sérstakt leyfi sem hafa lagt inn umsókn sína fyrir 8. apríl 2012 og hafa ekki fengið slíkt leyfi útgefið fyrir þá dagsetningu, skulu sýna fram á fylgni við ákvæði þessarar reglugerðar áður en flugrekstrarleyfið eða sérstaka leyfið eru gefin út.

Grein 8

Takmarkanir á flugtíma

Grein 8.4 og undirliður Q í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 eru í gildi uns tengdar útfærslureglur eru teknar upp.

Grein 9

Listi yfir lágmarksbúnað

Listar yfir lágmarksbúnað (e. minimum equipment lists - MEL), sem samþykktir voru fyrir 8. apríl 2012 af ríki, sem flugrekandi heyrir undir eða þar sem hann er skráður, eins og við á, skulu vera taldir samþykktir í samræmi við þessa reglugerð og nota má þá áfram hjá flugrekanda sem hefur

fengið samþykkið. Eftir 8. apríl 2012 skulu allar breytingar á listum yfir lágmarksbúnað gerðar í samræmi við ORO.MLR.105.

Grein 10

Þjálfun flugáhafnar og öryggis- og þjónustuliða

Meðlimir flugáhafna og öryggis- og þjónustuliðar, sem hafa lokið þjálfun í samræmi við ORO.FC og ORO.CC, er ekki hafði skylduþættina í viðeigandi gögnum um rekstrarhæfi, skulu ljúka þjálfun sem tekur til allra slíkra skylduþátta. Þessi þjálfun skal fara fram næst þegar krafist er endurtekinnar þjálfunar og prófa, hvað varðar birt gögn um rekstrarhæfi eins og viðeigandi er fyrir starfræktar loftfarstegundir, þar sem viðkomandi áhafnar meðlimir starfa.

Grein 11

Gildistaka

1. Reglugerð þessi skal öðlast gildi daginn eftir að hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
Hún skal gilda frá og með 8. apríl 2012.
2. Með undanþágu frá málsgrein 1, geta aðildarríki kosið að beita ekki:
 - (a) ákvæðum ARO.GEN.200 (a)(1), (4) og (5) til 8. apríl 2013;
 - (b) ákvæðum viðauka III, IV og V vegna CAT-reksturs á þyrlum til 8. apríl 2014;
 - (c) ákvæðum viðauka V í rekstri í tómsfundatilgangi á sérhverju loftfari til 8. apríl 2014;
 - (d) ákvæðum viðauka V vegna:
 - (i) CAT-reksturs á flugvélum eða þyrlum sem tilgreindur er í grein 7(2) eða svifflugum eða loftbelgjum; eða
 - (ii) sértæks reksturs á öllum loftförum, til 8. apríl 2015;
3. Þegar aðildarríki nýtir ákvæði málsgreinar 2 skal það tilkynna það framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stofnuninni. Í þessari tilkynningu skal tilgreina ástæður slíkrar undanþágu og gildistíma hennar sem og áætlun um innleiðingu þar sem kveðið er á um aðgerðir og tímasetningu.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gert í Brussel, [...]

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

[...]

Forsetinn